



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Greining á áhrifum áforma um styttingu á atvinnuleysisbótarétti á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 9. apríl 2025 var samþykkt svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknar um greiningu á áhrifum áforma um styttingu atvinnuleysisbótaréttar á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar:

Óskað er eftir því að velferðarsvið greini áhrif áforma ríkisstjórnarinnar um styttingu á atvinnuleysisbótarétti á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Áhyggjur er uppi um að þetta geti gert það að verkum að einstaklingum á fjárhagsaðstoð fjölgi. Mikilvægt er velferðarráð fái upplýsingar um hversu margir einstaklingar eru á fjárhagsaðstoð sem klárað hafa bótaréttinn sinn hjá Vinnumálastofnun og hvort það sviðið hafi áhyggjur af því að þeim aðilum muni fjölga með styttingu atvinnuleysisbótaréttar.

Möguleg áhrif styttingar atvinnuleysisbótaréttar á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Þann 8. apríl 2025 tilkynnti félags- og húsnæðismálaráðuneytið um fyrirhugaðar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem hafa það markmið að grípa fólk fyrr en áður og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem er útsettur fyrir langtímaatvinnuleysi. Lengd bótatímabils er í dag 30 mánuðir, en ekki kemur fram hvert bótatímabil verður í nýju kerfi. Vinnumálastofnun fylgist ekki skipulega með þeim sem hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta og í hvaða stöðu þau eru að bótarétti loknum.

Vinnumálastofnun gefur út gögn þar sem atvinnuleysi er tilgreint eftir lengd í þrjá flokka, 0-6 mánuðir, 6-12 mánuðir og 12 mánuðir eða lengur. Einnig er óljóst hvert bótatímabil verður í nýju atvinnuleysistryggingakerfi. Skrifstofa fjármála og reksturs velferðarsviðs gerði þrjár sviðsmyndagreiningar þar sem skoðaðir eru nokkrir möguleikar út frá mögulegum fjölda og lengd bótaréttar.

Samkvæmt gögnum í mælaborði Vinnumálastofnunar hafa þau sem eru atvinnulaus í Reykjavík til lengri tíma (12 mánuði eða lengur) verið að meðaltali 612 í hverjum mánuði sl. 14 mánuði (frá janúar 2024). Út frá því er unnið eftir þeirri forsendu að þeir sem hafa lokið 12 mánaða bótatímabili sem eru 100% af hópnum, 18 mánaða bótatímabil er áætlað 50% af hópnum og loks 24 mánaða tímabili sem er áætlað 25% af hópnum. Þar sem ekki eru aðgengileg gögn um það hversu marga mánuði einstaklingar hafa lokið af bótarétti er gengið út frá þessum forsendum. Þeir sem svo ljúka





30 mánaða tímabili eru áætlaðir sem 5% af hópnum. Hafa ber í huga að þessar prósentur eru aðeins gefnar forsendur sem sjá má á Töflu 1.

Tafla 1.

Eftirfarandi tafla sýnir einungis Reykvíkings	Áætlaður fjöldi	Áætlað hlutfall í %
Yfir 30 mánuði nýttir af bótarétti	31	5%
Yfir 24 mánuði nýttir af bótarétti	153	25%
Yfir 18 mánuði nýttir af bótarétti	306	50%
Yfir 12 mánuði nýttir af bótarétti	612	100%

Að því gefnu að allir sem missa bótarétt uppfylli skilyrði fjárhagsaðstoðar og að bótatímabil verði 18 mánuðir gæti kosntaður numið 760 m.kr. á ári. Líklega verður hlutfallið þó ekki svo hátt, þar sem afdrif þeirra sem ljúka bótarétti geta verið margskonar. Samkvæmt könnun Vinnumálastofnunnar árið 2014 höfðu 56,4% svarenda farið í launaða vinnu, 23% þáðu fjárhagsstoð frá sveitarfélögum og 11,2% fór á ellilífeyri. Um 6,4% svarenda fór á örorkulífeyri.¹

Í tilkynningu á vef stjórnarráðsins dags. 8. apríl sl. kemur fram að 55% af þeim sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árunum 2023 og 2024 hafi verið í vinnu í janúar 2025. Þá voru 1,3% hópsins í fæðingarorlofi í janúar 2025, 3% í námi og 6% fengu greiddan ellilífeyri. Tæp 13% hópsins fékk greiðslu frá Tryggingastofnun eða Sjúkratryggingum Íslands og 9% fékk fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.² Því er líklegt að hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði um fjárhagsaðstoð verði á bilinu 10-25% af þeim sem ljúka bótarétti.

Í Töflu 2 eru skoðaðar mismunandi sviðsmyndir þar sem þrjár lengdir bótaréttar eru teknar fyrir, ásamt fjórum mögulegum hlutföllum þeirra sem klára bótarétt og fara á fjárhagsaðstoð. Í 100% sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að allir sem ljúka bótarétti fari á fjárhagsaðstoð, en einnig eru skoðuð hlutföll á 60%, 25% og 10%. Miðað við 18 mánaða bótatímabil og þá forsendu að 10-25% af bótaþegum uppfylli skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð, getur kostnaðurinn fyrir Reykjavíkurborg numið allt frá 76 milljónum króna upp í 190 milljónir króna á ári.

Tafla 2. Áætlaður kostnaður eftir tímalengd bótaréttar

*Hlutfall	100%	60%	25%	10%
24 mánaða bótaréttur				
Áætlaður kostnaður á ári	380.610.076	228.366.046	95.152.519	38.061.008
18 mánaða bótaréttur				
Áætlaður kostnaður á ári	761.220.153	456.732.092	190.305.038	76.122.015
12 mánaða bótaréttur				
Áætlaður kostnaður á ári	1.522.440.306	913.464.184	380.610.076	152.244.031

*Hlutfall sem uppfyllir skilyrði fjárhagsaðstoðar

¹ https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2025_atvinnuleysi_og_vinnumarkadsurraedi.pdf

² <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-04-08-vinna-ad-utfuerslu-styttingar-a-atvinnuleysisbotaretti-441057>






Það er erfitt að segja nákvæmlega til um hver áhrif styttingar bótatímabils atvinnuleysisbóta verða vegna óvissu um það hlutfall Reykvíkinga sem missa bótarétt og uppfylla skilyrði fjárhagsaðstoðar. Ljóst er að áhrifin verða einhver m.v. þær þrjár sviðsmyndir sem skoðaðar hafa verið.

Í febrúar 2025 voru 584 notendur fjárhagsaðstoðar með atvinnustöðuna „Atvinnulaus án bótaréttar“ og 13 með stöðuna „Atvinnulaus – bótaréttur fullnýttur“. Þeir aðilar sem eru atvinnulausir án bótaréttar geta í raun einnig tilheyrt hópi atvinnulausra sem hafa fullnýtt bótarétt sinn en hafa farið í annað úrræði í millitíðinni s.s. endurhæfingu eða launað starf án þess að vinna sér inn nægileg réttindi til atvinnuleysisbóta. Einnig tilheyra þeim hópi erlendir ríkisborgarar sem ekki hafa starfað í landinu nægilega lengi til þess að eiga rétt á atvinnuleysistryggingum. Því liggur ekki fyrir hversu mikill fjöldi hefur í raun klárað bótarétt sinn og fær fjárhagsaðstoð í dag.

Þá voru 32 með stöðuna „Atvinnulaus með bótarétt“. Þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð geta fengið uppbót á atvinnuleysisbótum ef réttur þeirra nemur fjárhæð sem er lægri en réttur þeirra á fjárhagsaðstoð. Þeir eru því samtímis á atvinnuleysisbótum og fjárhagsaðstoð, en atvinnuleysisbætur þeirra dragast frá þeirri fjárhæð sem þeir eiga rétt á til fjárhagsaðstoðar. Á mynd hér að neðan má sjá atvinnustöðu þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í febrúar 2025.

Mynd 1. Atvinnustaða þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í febrúar 2025



*Atvinnulaus